

Umhverfisnefnd Alþingis  
Nefndarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 130/1253  
komudagur 8. 3. 2004

Skaftafell, 29. febrúar 2004.

Athugasemd við tillögu til þingsályktunar um Náttúruverndaráætlun 2004-2008, 477 mál.

Náttúruverndarsamtök Austurlands (NAUST) styður þingsályktunar tillögu um Náttúruverndaráætlun og vonar að hún fái brautargengi í gegnum Alþingi. Um er að ræða mikið framfara skref í náttúruverndarmálum á Íslandi.

NAUST gerir þó eftirfarandi athugasemd við Náttúruverndaráætlunina. Lagt til við umhverfisnefnd Alþingis að Gerpissvæðið verði formlega tekið inn á Náttúruverndaráætlun.

*Bent er á að Gerpissvæðið er engu ómerkara í náttúrufarslegu tilliti en Borgarfjörður-Loðmundafjörður, með fjölbreyttri jarðfræði, heillandi landslagi, ríkulegu fuglalífi auk þess sem þar er að finna sjaldgæfar tegundir plantna og fágæt sýnishorn plöntusteingervinga frá tertíertím. Þegar er búið að vinna talsvert að undirbúningi friðlýsingar Gerpissvæðisins á vegum umhverfisráðuneytis og Umhverfisstofnunar, því ætti að vera sjálfsagt að taka svæðið með inn á Náttúruverndaráætlun.*

Virðingarfyllst

*Ulla R. Pedersen*

Ulla R. Pedersen  
Formaður NAUST  
Skaftafelli III, 785 Öræfi